

Ár 1998, miðvikudaginn 18. mars, var í málínu nr. 1/1998 kveðinn upp af Yfirlæstnamatsnefnd svohljóðandi

### ÚRSKURÐUR:

Með bréfi dags. 2. janúar 1998 óskar Ingunn St. Svavarsdóttir, sveitarstjóri Öxarfjarðarhrepps eftir að Yfirlæstnamatsnefnd úrskurði um ágreining um flokkun fiskeldisstöðva í gjaldflokka fasteignagjalda.

Í kærubréfi segir:

“Á fundi Sveitarstjórnar Öxarfjarðarhepps þann 11.12. s.l. var svohljóðandi bókun samþykkt.

“Sveitarstjórn samþykkir að fiskeldi verði flokkað í A flokk fasteignagjalda. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að fá úrskurð i hvorum floknum fiskeldi skuli flokkast, hefur það ekki tekist svo óyggjandi sé. Þá skal tekið fram að Jöfnunarsjóður sveitarfelaga álítur að flokka beri fiskeldi í B – flokk og verður látið á það reyna.

Á þetta við um álagningu árið 1998, en varðandi árin 96 og 97 ákveður meirihluti sveitarstjórnar að afskrifa, sem nemur mismuninum á upphæð A og B flokks fasteignagjalda hjá Silfurstjörnunni h.f.

Rúnar Þórarinsson og Benedikt Kristjánsson sátu hjá við atkvæðagreiðslu um tillöguna.”

Hér með fylgir bréfleg staðfesting frá 17.12. s.l. á flokkun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á fiskeldi, sem er í B – flokk fasteignagjalda og mun Öxarfjarðarhreppur því verða af tekjujöfnunarframlagi, sem nemur mismuninum á A- og B- flokki hvað Silfurstjörnuna varðar.

Þar sem Öxarfjarðarhreppur er því nú kominn hvað þetta varðar í stöðu meints þolanda, ber Yfirlæstnamatsnefnd að úrskurða í málínu og er óskað eftir að það verði gert hið bráðasta.

Með bréfi dags. 21. janúar 1998 óskaði Yfirlæstnamatsnefnd eftir umsögn Silfurstjörnunnar hf. Umsögn barst nefndinni með bréfi Silfurstjörnunnar hf. dags. 10. febrúar 1998 en þar kemur fram að ekki sé ágreiningur um gjaldskyldu milli sveitarstjórnar Öxarfjarðarhrepps og Silfurstjörnunnar.

## Niðurstaða:

Í II. kafla laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga er fjallað um álagningu og greiðslu fasteignaskatts til sveitarfélags. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laganna annast sveitarstjórn álagningu skatt eins. Í 3. mgr. 4. gr. er kveðið á um hvernig farið skuli með ágreiningsmál sem varða álagninguna. Þar segir:

“Verði ágreiningur um gjaldstofn skv. 3. gr. skal vísa honum til úrskurðar Fasteignamats ríkisins. Þeim úrskurði má skjóta til yfirfasteignamatsnefndar ríkisins. Verði ágreiningur um gjaldskyldu sker yfirfasteignamatsnefnd úr. Úrskurðum nefndarinnar má skjóta til dómstóla.”

Að mati Yfirfasteignamatsnefndar er úrskurðarvald nefndarinnar samkvæmt ákvæði 3. mgr. 4. gr. laga nr. 4/1995 bundið við ágreining milli sveitarfélags og gjaldanda fasteignaskatts um gjaldstofn til álagningar skatt eins og um gjaldskylduna.

Mál þetta varðar ekki ágreining um gjaldskyldu milli Öxarfjarðarhrepps og Silfurstjörnunnar hf. sem gjaldanda fasteignaskatt í Öxarfjarðarhreppi. Ágreiningur um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er utan úrskurðarvalds nefndarinnar. Samkvæmt því ber að vísa framangreindri kæru frá Yfirfasteignamatsnefnd.

## Úrskurðarorð

Framangreindri kæru er vísað frá Yfirfasteignamatsnefnd.



Pétur Stefánsson



Guðný Björnsdóttir



Guðmundur Magnússon